

Er þetta hægt, Matthías

— eftir Eirik Rögvaldsson

1. Inngangur

Maður heitir Matthías Johannessen, cand. mag. í íslenskum fræðum og ritstjóri Morgunblaðsins. Sl. laugardag birtir hann í blaði sínu grein sem nefnist **Víðbrögð frá Íslandi**, og á að vera svar við grein Sigurðar Konráðssonar í blaðinu daginn áður. Þar sem Sigurður er í Noregi getur dregist að hann komi því við að svara fyrir sig (sem hann er þó fullfær um); en vegna þess að ég tel mig til „samsköðunarmanna“ hans, langar mig að svara grein Matthíasar nokkrum orðum, því að þar er að finna mjög ósanngjarnar ádróttanir í garð Sigurðar. Og fyrst ég er byrjaður að skrifa á annað borð ætla ég í seinni hluta greinarinnar að fara nokkrum orðum um ýmislegt annað í greinum þeirra Matthíasar og Sigurðar Konráðssonar.

Í upphafi vil ég taka skýrt fram að ég er alls ekki andvígur aukinni kennslu í ýmsum þáttum íslensks máls — síður en svo. Og ég veit ekki betur en íslenskir málfræðingar, að Sigurði Konráðssyni meðöldum, séu sammála um þetta, þótt þá greini eflaust á um hvernig þessari kennslu skuli háttáð í smáatriðum. Ég get sem sagt alls ekki lesið það út úr grein Sigurðar að hann hafi neitt á móti þingsályktunartillögunni um aukna íslenskukennslu í sjálfu sér. Það sem Sigurður er að gagnrýna eru þær aðferðir sem flutningsmenn (samkvæmt fréttum Morgunblaðsins, sem ritstjóri virðist ekki telja nógu örugga heimild) nota til að rökstyðja tillöguna. Sigurður bendir m.a. á að aðeins er vitnað til eins nafngreinds málfræðings, Baldurs Jónssonar dósentis; og telur ástæðu til að efast um að rétt sé eftir honum haft. Það segir e.t.v. sína sögu um réttmæti þessara grunsemda Sig-

urðar að viðkomandi þingskjal var **prentað upp**; og í seinni gerðinni (sem Sigurður hefur væntanlega ekki séð, enda hefur hún ekki birst í Morgunblaðinu svo að mér sé kunnugt) er tilvitnun í orð Baldurs sleppt með öllu.

2. Um vísindaleg vinnubrögð

2.1. Vísindamennska Sigurðar

Matthías segir svo frá því hvers vegna hann skrifar þessa grein: „Ástæða þess, að ég taldi mér ekki fært annað en stínga niður þenna vegna greinar Sigurðar Konráðssonar er sú rangfærsla, að „Matthías Johannessen virðist boða að engar breytingar á málinu séu æskilegar“. ... Það er óvísindaleg staðhæfing að segja að einhver maður virðist hafa einhverja sköðun.“

Þarna er ég algerlega á öndverðum meði. Það er einmitt háttur varkárna vísindamanna að fullyrða ekki meira en þeir geta



Eirikur Rögvaldsson

fært örugg rök fyrir. Þegar við notum sögnina að virðast tákna þá að við erum að leggja eigið mat á tiltekið atriði. Þetta mat kann að vera rangt, en það er ekki rangfærsla. Í þessu tilviki tólkar Sigurður orð Matthíasar á ákveðinn hátt. Sú túlkun kann að vera í andstöðu við það sem Matthías hefur meint, en hún verður ekki dæmi um óvísindaleg vinnubrögð fyrir það. Hefði Sigurður hins vegar sagt: „Matthías Johannessen boðar að engar breytingar á málinu séu æskilegar“ hefði mátt gagnrýna fræðimennsku hans harðlega, því að þetta segir Matthías ekki berum orðum.

Annad dæmi má nefna, þar sem Matthías beinlínis gerir athugasemdir við að Sigurður sýni vísindalega varkárni. Sigurður segir að undir orð Matthíasar um nauðsyn þess að standa vörð um tunguna geti „áreiðanlega margir tekid“. Matthías finnst orðið **margir** „einkennilegt á þessum stað“ — hefði sennilega talið edlilegra að þarna stæði allir. En slíkt getur varkár vísindamaður ekki sagt, nema að undangenginni könnun á viðhorfum allra Íslendinga til verndunar málsins. Og miðað við hvað málvöndunarmenn gera oft mikið úr kæruleysi almennings og slóðaskap um málfar sitt, mætti draga í efa að orðið allir sætti þarna rétt á sér.

2.2. Vísindamennska Matthíasar

Á hinn bóginn er því miður sítthvað í grein Matthíasar sjálfs dæmi um óvísindaleg vinnubrögð. Þar er einkum um að ræða ásakanir á hendur Sigurði fyrir að skrifa um það sem hann hafi ekki lesið. Matthías segir: „Ég leyfi mér einnig að gagnrýna Sigurð Konráðsson fyrir að skrifa ádeilugrein um greinargerð, sem hann segist sjálfur ekki hafa lesið. Það eru óvísindaleg vinnubrögð.“ Síðar betir Matthías við, eftir að hafa vitnað í grein Sigurðar: „Svo kveður sá að orði, sem hefur lýst því yfir, að hann hafi ekki lesið greinargerðina (!).“ Og að lokum: „Á dauða minum átti ég von, en ekki því, að ég þyrfti að svara grein eftir mann, sem er að skrifa um efni sem hann hefur ekki lesið.“

Ja, ljótt er ef satt er. Vísindamansheildur Sigurðar er þarna greinilega rokinn út í veður og vind — eða hvað? Hvað hefur Matthías Johannessen fyrir sér í

því að Sigurður sé að skrifa um það sem hann hefur ekki lesið? Jú, hann þyrfti ekki að leita lengi að sönnun þess, að því er hann sjálfur segir; því að „í upphafi greinar sinnar gefur Sigurður Konráðsson svofellda lýsingu á sjálfum sér“, segir Matthías, og táknið nú eftir orðum Sigurðar: „Rétt þykir að fram komi strax að ofangreind frétt Mbl. er það eina sem ég hef haft aðgang að við samningu þessarar greinar, þ.e. ég hef ekki séð greinargerðina í því formi sem hún var lögð fram á Alþingi.“ Fréttin sem Sigurður er þarna að tala um birtist, eins og hann tekur fram, í Morgunblaðinu 30. mars sl.; í henni er sagt frá þingsályktunartillögu um kennslu í framburði og málvöndun, sem þá var verið að leggja fram, tillagan sjálf birt, svo og meginhluti greinargerðarinnar. Seinna í grein Sigurðar segir: „Við skulum nú koma að því litla sem er að finna frá flutningsmönnum sjálfum í frétt Mbl. af greinargerðinni.“ Og í lok greinar sinnar segir Sigurður: „Við höfum nú skoðað greinargerð þingmannanna dálítið, eða öllu heldur þann hluta greinargerðarinnar sem Mbl. birti í frétt.“

Þarna kemur þrisvar fram hjá Sigurði að hann fjalli aðeins um þann hluta greinargerðarinnar sem Morgunblaðið birti. Njáll lét stundum segja sér tíðindi þremur sinnum, en það dugir Matthías greinilega ekki. Ef menn bera saman grein Sigurðar, frétt Morgunblaðsins og þingskjalid með greinargerðinni, fer heldur ekki á milli mála að Sigurður minnst aðeins á það sem fram kemur í Morgunblaðinu. Sem sagt: Matthías segir Sigurð skrifa um það sem hann hefur ekki lesið, vegna þess að hann hefur aðeins lesið frétt Morgunblaðsins af tillögunni, en ekki þingskjalid sjálf. Þetta tekur Sigurður vandlega fram.

Og hvernig ber nú að skilja ásakanir Matthíasar? Það hlýtur að eiga að skilja þær sem ásakanir á hendur Sigurði fyrir að stöðjast ekki við nógu traustar heimildir. Og hverjar eru þessar heimildir? Morgunblaðið! Ég get ekki annað en lesið það út úr grein Matthíasar að hann sé þarna að vara menn við að treysta fréttum síns eigin blaðs.

Annad dæmi: Matthías segir Sigurð „býsnast yfir því, að ég (þ.e. Matthías) hafi viljað „standa vörð um tunguna“. Ég gat hvergi fundið í grein Sigurðar að hann býsnadist yfir þessu. Fyrst Matthías metur vísindaleg vinnubrögð svo mikils, ætti hann að tilfæra einhver dæmi til stuðnings þessum orðum sínum.


Þriðja dæmi: Matthías segir „Nordmenn hafa orðið að þýða norsk skáld á þá „norsku“, sem Sigurður Konráðsson heldur fram fullum fetum, að hafi „verid aðal-tungumál Nordmanna í Noregi svo langt aftur sem heimildir ná“. Vist er það rétt að Sigurður heldur því fram að Nordmenn hafi lengi talað norsku; en hér skiptir ábendingarfornafnið þá meginmáli. Sigurður heldur því sem sagt hvergi fram að norskan sé sóm og hún var fyrir þúsund árum. Málið hefur vissulega breyst, en það heldur áfram að vera norska þrátt fyrir það — rétt eins og íslenskan er ennþá íslenska þrátt fyrir að „Við tölum nefnilega ekki sömu íslensku í dag og áður ...“, eins og Matthías tekur réttlæga fram.

SIERA kæliskápar

VORTILBOÐ!

ARF 842 — Rjúngbúur 340 lítra ísskápar með 65 lítra frystihólf. Auveldur að þrifa. Sjálfvirk afþýðing. H. 144,5 cm. B. 60 cm. D. 64 cm.

Kr. 13.700 — STG.



Kr. 15.700 — STG.

ARF 843 — Rjúngbúur 310 lítra ísskápar. 2½ dýra með 65 lítra frystihólf. Auveldur að þrifa. Sjálfvirk afþýðing. H. 139 cm. B. 55 cm. D. 58,5 cm.

HLJOMBÆR

HLJOM-HEIMILIS-SKRIFSTOFU/TEKI



HVERFISGÖTU 103
SÍMI 25999

<p>48. Misti <i>inadr</i> er lysti morginn var þá borgar styrks mundrida steindra slyrs bradr regins vada nytr gat sed aslettri seimþiciandi licia grundu gylldis kindar goumsparra ser fianri.</p> <p>49. Priar <i>grímr</i> vann þeima þiod nytr haralldz brodur rauckstefnanda reifinis ríkr bendingar slikar mðr þrifluassir þessir þingdiarfs firar jnga biort eru bauga suyrtis brogð iarteignir sogdu.</p> <p>50. Mas let iardar eisu allualldz fir bior giallda slettig od þanu er ætti</p>	<p>olmfr bragar tolum yfir skioldungtr let iofra odhridar þar siþan gardz af gulli vordu grand alltari standa.</p> <p>51. Tækn eru biort þau er birtazst brand el a girklandi mæl linnz vni þat monnum marg þafr boralldz arfi fregn ek at allt ne aungir innendr megud finna dyrd olafs ridr dala dag reifrs komung hæfra.</p> <p>52. Hadiz hialldr a vidum hunngr slökte vel þunngan gunnar mar j geira gaulpecina völlum</p>
---	---

Brot úr Geisla

Einnig vil ég benda á, þótt það sé minna mál, að það þykir góður síður í Háskóla Íslands nú á dögum (og hefur örugglega þótt líka í tíð þeirra Alexanders og Halldórs) að hafa beinar tilvitnanir ekki einungis orðréttar, heldur líka stafréttar. Þó setur Matthías z í tilvitnanir í grein Sigurðar, sem alltaf hefur á.

3. Um norsku og íslensku

Matthías segir í upphafi greinar sinnar að tilgangur sinn sé að leiðrétta ranghermi eftir sér höfð, en hann muni ekki fjalla um grein Sigurðar að öðru leyti. Þessu fer hann þó ekki eftir, því að II. kafli greinar hans fjallar einmitt um grein Sigurðar „að öðru leyti“. Ég sætla nú að feta í þessi fótspor, og minnst á önnur efnisatriði í grein Matthíasar og einnig vikja að greinargerðinni margnefndu.

Ef ég skil Matthías rétt (og nú er ég að túlka orð hans, en ekki að vitna orðrétt), þá telur hann að Íslendingar — svona upp til hópa — geti lesið (og þá væntanlega skilið) forníslenskar bókmenntir, þótt Norðmenn þurfi að snúa sínum eigin bókmenntum, frá sama tíma og á sama máli, á nútímanorsku til að skilja eitthvað í þeim. Betur ef satt væri, en ég er nú hræddur um að meðfylgjandi brot úr Geisla (útg. Finns Jónssonar í Den norsk-íslandske Skjalde-digtning A.I) vefjist fyrir flestum nútímaöfnum, þótt Matthías telji „engum Íslendingi vorkunn að heyra þetta kvæði enn í dag“. Auðvitað gengi mönnum eitthvað betur ef kvæðið væri „þýtt“ á nútímafastsetningu, en ýmislegt held ég þó að færi fyrir ofan garð og neðan hjá ólærðum eftir sem áður.

Það neitar því auðvitað enginn að norska hafi breyst meira en íslenska á sl. þúsund árum. Munurinn er þó miklu minni en flestir Íslendingar halda (eða a.m.k. halda fram), og þetta kemur raunar fram hjá Matthíasi í tilvitnuninni í Félaga orð. Það er meira en lítið hæpið sem segir í greinargerðinni margfrægu (og nú vitna ég í þingskjal 514, en ekki Morg-unblaðið): „Ísland byggðist vegna þess að hluti Norðmanna vildi ekki lúta ofbeldi. Þeir tóku með sér út hingað dýrmæta tungu sína, eflu hana og ræktuðu, meðan hún dó austan hafs.“ Breytingar þær sem óneitanlega hafa orðið á íslensku verða sem sagt til að efla hana, en breytingar á norsku (þ.e. tungu Norðmanna, hvað sem menn vilja kalla hana) hafa valdið dauða hennar. Það gæti nú orðið strembið að færa málfraðileg rök fyrir þessari mismunum.

Ég held líka að það sé óheppi-lega valið hjá Matthíasi (í grein í Morgunblaðinu 14. janúar sl., sem vitnað er til í títtnefndri greinargerð) að taka dæmi af breytingum á norskum ornefnum, þegar hann býsnast yfir að „enginn veit, hvað Bærum eða Sem eða Skaugum merkir, eða þau óteljandi orð önnur sem afbakast hafa með sama hætti“. Ornefni eru nefnilega ein-

att meiri (og öðruvísi) breytingum undirorpin en önnur orð, a.m.k. samkvæmt kenningum Þórhalls Vilmondarsonar, sem Matthías vitnar til. Það þarf ekki að lesa lengi í Grími til að finna dæmi um að íslensk ornefni hafi afbakast og merking þeirra breyst eða þau orðið óskiljanleg, eins og t.d. fjallsheitið *Lúdent*, sem Finnur Jónsson taldi óskiljanlegt, en Þórhallur telur komið úr *Lútandi*. Og breytingin *Rjúkandi* > *Rjúkan*, sem Matthías vitnar til Þórhalls um, hefur orðið bæði í Noregi og á Íslandi, skv. Grími 2, 1983, bls. 109.

Það er líka dálítið skondið sem segir í greinargerðinni að „Á 400 ára afmæli Guðbrandsbiblíu er ekki úr vegi að minnst þess hve prentun Biblíunnar og boðun kristinnar trúar á íslensku stuðlaði að varðveislu tungunnar“. Þetta er án efa rétt, en mætti þá ekki um leið minnst þess hver fyrstur þýddi Nýja testamentið á íslensku, en sú þýðing er tekin óbreytt upp í Guðbrandsbiblíu. Það var nefnilega Oddur Gottskálksson, sem var norskur í fódurætt og alinn upp í Noregi, og í samtímaheimildum (og lengi síðan) m.a.s. alltaf nefndur Oddur norsk. Norðmenn eiga því ekki allitinn þátt í varðveislu íslenskrar tungu, og er maklegt að þess sé minnst, í stað þess að nú þeim því um nasir að mál þeirra hafi flosnað upp, breyst í skrítnar mállýskur, dáði, orðið að skrípamyndum, afbakast, og fleira í svipuðum dár.

4. Lokaorð

Megin tilgangur þessarar greinar var að svara ósanngjörnum árásum Matthíasar Johannessen á Sigurð Konráðsson, en auk þess að leggja nokkur orð í belg um mismunandi þróun norsku og íslensku. Ég hef hins vegar ekki fjallað að öðru leyti um greinargerðina sem varð tilefni skrifna Sigurðar, þótt margt fleira sé þar að finna sem gera mætti athugasemdir við.

Að endingu vil ég áréttu stuðning minn við aukna íslenskukennslu í skólakerfinu. En meginforsendur þess að slík kennsla geti farið fram á sómasamlegan hátt eru tvær. Önnur er sú sem Sigurður Konráðsson nefnir í grein sinni, þ.e. traustar rannsóknir á íslensku nútímamáli; en hin er stórbætt kjör og starfsaðstaða kennara, eins og Helgi Hálfðanarson bendir á í grein í Morgunblaðinu sl. laugardag. Að samþykkja tillögu eins og þá sem nú liggur fyrir Alþingi án þess að þessum grundvallaratriðum sé sinnt er því visasti vegurinn til að örlög ályktunarinnar verði hin sömu og annarrar um svipað efni frá 1978: Henni verður ekki framfylgt, vegna þess að forsendur framkvæmdarinnar eru ekki fyrir hendi.

Eiríkur Rögnvaldsson er cand. mag. í íslenskrí málfraði og stundakennari við Háskóla Íslands.